

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 1988 – 1990

Þann 21. október voru liðin tvö ár frá vígslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, en það var á áttæðisafmæli listamannsins árið 1988. Síðan þá hefur safnið verið opið almenningi og sýnt verk listamannsins, bæði úr eigu safnsins og annarra. Samhliða sýningunum hefur safnið sinnt alhliða menningarstarfsemi, svo sem tónleikahaldi og bókmenntadagskrám og tekið að öðru leyti beinan þátt í menningarstarfi borgarinnar.

Skipulagsbreyting

Til þess að tryggja betur framtíðarrekstur listasafnsins hafa verið gerðar skipulagsbreytingar á þann veg að einkasafn það sem stofnað var þann 1. desember 1984 hefur nú verið gert að sjálfseignarstofnun með skipulagsskrá sem dómsmálaráðuneytið staðfesti þann 30. nóvember 1989. Samkvæmt henni stjórnar Birgitta Spur stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar, eða einn afkomenda hennar, safninu ásamt tólf manna fulltrúaráði sem hún í upphafi velur, en endurnýjar sig sjálf er tímar líða. Stjórn safnsins er skipuð Birgittu og tveimur sem hún velur með sér og tveimur aðilum sem fulltrúaráðið kýs. Stofnfundur Fulltrúaráðs Listasafns Sigurjóns Ólafssonar var haldinn í safninu 28. mars 1990 og var það þá þannig skipað: Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Hörður Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður fulltrúaráðsins), Jóhann Möller, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson og Pétur Guðmundsson. Fyrsti aðalfundur þessarar nýju sjálfseignarstofnunar var haldinn hinn 29. maí 1990 á sama stað. Þar tilnefndi Birgitta Spur þau Aðalsteinn Ingólfsson og Hlíf Sigurjónsdóttur í stjórn safnsins auk sín og Geirfinn Jónsson til vara, en fulltrúaráðið Önnu Einarsdóttur og Gísla Sigurðsson og Karólínu Eiríksdóttur til vara. Starfsemi Styrktarsjóðs Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er óbreytt og stjórn sjóðsins skipa Birgitta Spur sem er formaður, Baldvin Tryggvason og Matthías Johannessen.

Sýningar

Í tilefni af opnun safnsins 21. október 1988 var sett upp yfirlitssýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar og stóð hún fram til júliloka 1989. Var sýningunni fylgt úr hlaði með grein eftir Birgittu Spur um helstu einkenni í list S.Ó. sem birtist í Árbók LSÓ 1987 – 88.

Á tímabilinu 1. ágúst – 1. október 1989 var sýning í efri sal safnsins á andlitsmyndum eftir Kristján Davíðsson og var hún liður í dagskrá listahátíðarinnar „Hundadagar 89“ sem Tónlistarfélag Kristskirkju, Alþýðuleikhúsið og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar stóðu að í sameiningu.

Þann 21. október 1989 var opnuð sýning á járnmyndum Sigurjóns sem hann vann á árunum 1960 – 62. Þá voru einnig sýndar gjafir þær, sem safninu hafa borist undanfarin ár. Þessari sýningu fylgdi mjög vönduð sýningarskrá með ljósmyndum af öllum verkum, sem sýnd voru ásamt rannsóknarritgerð á íslensku og ensku eftir Aðalstein Ingólfsson um tímabilið, sem hann nefnir „járnöldina“ í list Sigurjóns. Er þetta fyrsta fræðilega úttekt á þessu skeiði í list Sigurjóns. Sænskur listfræðingur, Christina Lundberg, fjallaði um sýninguna og grein Aðalsteins í jólablaði Morgunblaðsins 1989. Sýningin bar heitið „Málmverk og aðföng“ og lauk henni 6. maí 1990.

Í tengslum við Listahátíð 1990 var efnt til yfirlitssýningar í safninu á andlitsmyndum eftir Sigurjón og hófst hún 3. júní. Er þetta í fyrsta sinn sem slík sýning er haldin, en Sigurjón var þekktur fyrir meistaraleg portrett sín og mótaði hann um það bil 200 andlitsmyndir um ævina. Það þótti því við hæfi að kynna þennan þátt í sköpunarferli hans, ekki síst fyrir yngri kynslóðinni, og er ráðgert að sýningin standi uppi veturinn

1990 – 91. Með þessari sýningu hefur verið leitast við að gefa sem besta yfirsýn yfir stíl og efnismeðferð Sigurjóns við gerð andlitsmynda. Sýningunni fylgir prentuð sýningarskrá með stuttri umsögn Aðalsteins Ingólfssonar um andlitsmyndir Sigurjóns og lista yfir allar andlitsmyndir sem vitað er um að Sigurjón gerði.

Útgáfustarfsemi safnsins

Allt frá stofnun safnsins 1984 hefur Styrktarsjóður LSÓ staðið að bókaútgáfu. Elstu rit safnsins eru uppseld, meðal annars „Bókin um Sigurjón“, sem var fyrsta bók sem gefin var út um verk og ævi listamannsins. Árbók hefur safnið gefið út sem tvíæring frá árinu 1986 og er Árbók 1989 – 90 sú þriðja í röðinni. Með tveimur seinni sýningum safnsins „Málmverkum og aðföngum“ og „Andlitsmyndum“ voru gefnar út prentaðar sýningarskrár eins og fyrr er getið. Þar að auki hefur safnið gefið út listaverkakort, með litmyndum af verkum Sigurjóns. Til þessa hafa níu kortgerðir verið gefnar út.

Önnur menningarstarfsemi

Jafnhliða sýningum og útgáfustarfsemi hefur LSÓ staðið að mánaðarlegum – á sumrin vikulegum – tónleikum í sal safnsins og menningardagskrám þar sem kynnt hafa verið bókmenntaverk og höfundar þeirra. Á árinu 1989 voru í boði 21 tónleikar og 6 bókmenntadagskrár og árið 1990 verða slíkar dagskrár enn fleiri. Góður rómur hefur verið gerður að þessari starfsemi og hefur jafnan verið húsfyllir. Með því að selja aðgangseyri, þó aldrei hærra verði sem nemur verði á miða í kvikmyndahús, hefur safnið getað greitt listafólkinu þóknun. Í mörgum tilvikum hefur tónlistarfólk, leikarar og rithöfundar óskað að gefa vinnu sína sem styrktarframlag til safnsins.

Þess ber sérstaklega að geta, að koma svissneska kvintettsins *I Salonisti* hingað til lands og þrennir tónleikar þeirra í Listasafni Sigurjóns voru sérstakt framlag safnsins til Listahátíðar í Reykjavík 1990. Safnið stóð alfarið straum af kostnaði við komu kvintettsins til landsins og dvöl þeirra hér, en listamennirnir gáfu alla vinnu sína. Stjórn safnsins er það bæði ljúft og skylt að þakka öllum þessum listamönnum góðan hug í garð safnsins og mikilvægt framlag þeirra í að gera safnið að lifandi menningarmiðstöð.

Strax upp úr áramótum 1989 – 90 hófst nýr þáttur í menningarstarfsemi safnsins í náinni samvinnu við Íslenska Tónverkamiðstöð, en það voru mánaðarlegar tónskáldakynningar undir nafninu „Kvöldstund með tónskáldi“. Þar gafst tónlistaráhugafólki tækifæri til að hlusta á tónskáldin kynna sín eigin verk og skyggjast með þeim inn í tónsmíðaheim þeirra. Til skýringar voru flutt tónlistardæmi af segulböndum eða öðrum slíkum miðli, og ávallt tóku hljómlistarmenn þátt í kvöldinu með flutningi verka eftir tónskáldið. Í tengslum við kynningarnar voru haldnar sýningar í efri sal safnsins á nótum, hljómplötum og öðrum heimildum um listamanninn og Íslensk Tónverkamiðstöð vann lista yfir verk viðkomandi tónskálds og birti í tónleikaskránni. Mikil og jöfn aðsókn var að þessum kynningum og er ráðgert að halda þessu starfi áfram. Nokkur fyrirtæki veittu fjárframlög til þessa svo halda mætti verði aðgöngumiða í lágmarki.

Opnunartímar LSÓ

Opnunartímar safnsins hafa til þessa verið:

1/9 – 31/5 laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17
þriðjudaga kl. 20 – 22

1/6 - 31/8 laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17
mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 20 – 22

Sumarið 1990 var helgaropnun lengd um eina klukkustund (14 – 18). Kvöldopnunin virka daga hefur reynst vel og er þetta tilboð til borgarbúa og ferðamanna um heimsóknir í safnið og kaffistofuna á björtum sumarkvöldum orðið mjög vinsælt.

Aðgangseyrir

Aðgangseyri að safninu hefur verið stillt í hóf, 100 og 150 krónur á fyrri sýningar, en 200 krónur á „Andlitsmyndir Sigurjóns“ og er þá prentuð sýningarskrá innifalin. Aðgangur er ókeypis fyrir börn í fylgd með fullorðnum.

Fjöldi safngesta

Fjöldi safngesta á árinu 1989 var um 5500.

Fastir starfsmenn

Fastir starfsmenn safnsins eru nú auk forstöðumanns, tveir í hálfri stöðu. Kallað er til gæslufólks og sjálfboðaliða þegar þörf krefur.

Skrásetning og rannsóknarvinna

Skrásetning á verkum Sigurjóns hefur verið unnin á vegum safnsins frá upphafi og var grunnur að Bókinni sem gefin var út um Sigurjóns árið 1985. Eftir að hinu mikla byggingaátaki lauk haustið 1988 hefur verið meiri tími til að sinna rannsóknarvinnu, og hefur starfsmaður safnsins Sólveig Georgsdóttir unnið eingöngu að skrásetningu og flokkun frá því í janúar 1990.

Í tilefni af sýningu á andlitsmyndum Sigurjóns sem fyrr er getið var gerð heildarskrá yfir allar þær andlitsmyndir sem safnið hefur vitneskju um, og eru þær rétt innan við 200 að tölu. Listi sá er birtur í sýningarskrá sem fylgir andlitsmyndasýningunni.

Að beiðni Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefur skáldið og bókmenntafræðingurinn Susanne Jorn hafði gagna- og heimildasöfnun meðal listfræðinga og listamanna í Danmörku um Sigurjón og hlutdeild hans í dönsku menningarlífi á fjórða og fimmta áratugnum. Er þetta verk mjög brýnt og þýðingarmikið og væntum við okkur góðs af samstarfi við Susönnu.

Vísindasjóður veitti styrk til ljósmyndunar vegna skrásetningarinnar á árinu 1989, og er takmark okkar að gefa út heildarskrá (oeuvre katalog) yfir öll verk Sigurjóns, en slík skrá er mikilvæg forsenda fyrir frekari rannsóknum á list hans. Er framvinda þessa verkefnis að sjálfsgöðu háð því að nægilegar fjárveitingar fáist.

Gjafir til safnsins

Frá upphafi hefur safnið notið velvildar hjá ótal mörgum og auk beinna fjárframlaga hefur safnið þegið að gjöf mörg merk listaverk, aðallega eftir Sigurjón. Í einstökum tilfellum hefur safnið einnig keypt verk eftir Sigurjón úr einkaeigu. Gjafir þessar voru hluti af sýningunni „Málmverk og aðföng“ veturinn 1989 – 90. Gjafir sem síðan hafa borist safninu eru:

- 1 *Skissa að lágmynd* fyrir Búrfellsstöð, 1966, keypt í janúar 1990.
- 2 *Niðstöng*, tré 1978 – 79. Gjöf frá Valborgu Hallgrímsdóttur og Kristjáni Guðmundssyni. [Einnig nefndur *Úlfaldi*, LSÓ 202]
- 3 *Börn í leik*, gifsmyndir á plötu 1939. Verðlaunaverk, Børmenes Hus. [LSÓ 206]
- 4 Andlitsmynd af *Margarethe Krabbe* (konu vitamálastjórans Thorvald Krabbe), 1931. Gjöf frá Helgu Krabbe í Kaupmannahöfn. [LSÓ 204]
- 5 Sjöttú teikningar frá námsárum Sigurjóns bærust haustið 1989 frá mágkonu og bróður Sigurjóns, hjónunum Kristínu Einarsdóttur og Gísla Ólafssyni. Þjóðhátíðarsjóður veitti 165 þúsund krónur upp í kostnað við viðgerðir og frágang á þessum teikningum.
- 6 *Bjarnkýrið*, grásteinn, 1946. Gjöf frá Gísla Ásmundssyni. [*Dýrið*, LSÓ 203]
- 7 Á vordögum 1990 færði Anna Einarsdóttir safninu að gjöf 100.000 krónur í minningu foreldra sinna Einars Andréssonar og Jófríðar Guðmundsdóttur. Verður fénu varið til bronssteypu á mynd sem nú er í einkaeigu og ekki í varanlegu efni.
- 8 Í ágústmánuði 1990 barst safninu gjöf frá ónefndum aðila að upphæð krónur 500.000.

Fyrir hönd LSÓ þakka ég þessar höfðinglegu gjafir og þann góða hug til safnsins sem þær vitna um.

Tengsl við önnur söfn

Góð og gagnleg tengsl við nokkur söfn á Norðurlöndunum mynduðust síðastliðið haust við norrænt safnstjóramót í Reykjavík sem stóð dagana 15.– 20. okt. 1989. Sextíu fulltrúar frá 30 norðurlandasöfnum sóttu mótið. Auk fyrirlestra og umræðna voru söfn í Reykjavík heimsótt, meðal annars komu hinir erlendu gestir inn á Laugar-

nes, kynntu sér aðstæður og sáu nýuppsetta sýningu á járnmyndum Sigurjóns. Gestir létu óspart í ljós hrifningu sína á safninu og staðsetningu þess.

Listamannasöfn, þ.e. söfn sem hafa að geyma verk eins listamanns, virðast nú vera að komast æ meir í sviðsljósið þegar almennu listasöfnin verða stærri og yfirgripsmeiri. Að dómi margra veita slík söfn betri innsýn í verk viðkomandi listamanns en stóru söfnin og því ber að hlúa að þeim og gæta þess að þau einangrist ekki eins og oft vill verða. Ein leið til að sporna við slíku er að halda ráðstefnur þar sem forráðamenn safnanna hittast og bera saman bækur sínar.

Dagana 4. – 6. maí 1990 var haldin norræn ráðstefna um listamannasöfn í Uppsölum og var það jafnframt fyrsta ráðstefna af þessu tagi sem haldin hefur verið. Hans-Olof Boström forstöðumaður Bror Hjorths Hus í Uppsölum hafði frumkvæðið að þessum fundi, sem var hinn gagnlegasti og var sóttur af 40 fulltrúum frá 30 listamannasöfnum á öllum Norðurlöndum. Meðal safna sem áttu fulltrúa á ráðstefnunni voru þekktustu og stærstu listamannasöfnin á Norðurlöndum eins og Munchsafnið og Vigelandsafnið í Osló og Thorvaldsenssafnið í Kaupmannahöfn, sem er elst þessara safna, stofnað 1844. Einnig voru þar fulltrúar frá öðrum þekktum söfnum svo sem Gallen-Kallelasafninu í Esbo í Finnlandi, Zornsafninu í Mora í Svíþjóð og Anchersafninu á Skagen í Danmörku auk annarra. Alls eru á Norðurlöndunum öllum um 70 listamannasöfn.

Af Íslands hálfu mættu Júlíana Gottskálksdóttir frá Ásgrímssafni-Listasafni Íslands og Birgitta Spur frá Sigurjónssafni. Júlíana hélt fyrirlestur þar sem hún leitaðist við að svara spurningunni: Hvers vegna eru svo mörg listamannasöfn á Íslandi? og kynnti hún jafnframt þessi söfn og lýsti aðdraganda að stofnun þeirra. Birgitta Spur sagði síðan frá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og er óhætt að segja að Ísland og íslensku söfnin vöktu mikla athygli meðal fundarmanna og listgagnrýnenda sænskra dagblaða, sem gerðu fundinum mjög góð skil. Áhugi manna á hlutverki og þýðingu listamannasafna fer vaxandi og má sem dæmi um það benda á að haustið 1990, þann 17. – 21. október, efndu enskir og franskir safnstjórar til alþjóðlegrar ráðstefnu í París um listamannasöfn undir heitinu „Listamannsheimili, listasafn, minnisvarði“ og haustið 1991 bjóða forráðamenn Gallen-Kallela safnsins í Esbo í Finnlandi til norrænnar ráðstefnu um málefni þessara safna í annað sinn. Listasafn Sigurjóns mun reyna eftir megni að fylgjast með þessum umræðum og um leið kynna safnið á erlendum vettvangi.

Fyrirhugaðar sýningar

Í framhaldi af norræna safnstjórafundinum í Reykjavík haustið 1989 barst boð frá Troels Andersen safnstjóra Silkeborg Kunstmuseum á Jótlandi um yfirlitssýningu á verkum Sigurjóns sumarið 1991. Þótt Sigurjón hafi ávallt sýnt með jöfnu millibili í Danmörku verður þetta fyrsta yfirlitssýning á verkum hans sem haldin er þar í landi. Er þetta einstakt tækifæri til að skapa aukinn áhuga á verkum Sigurjóns og íslenskri myndlist almennt.

Listaverk á opinberum vettvangi

Undanfarin ár hafa listaverk eftir Sigurjón verið sett upp á opinberum vettvangi:

- ▶ *Fótboltamaður* 1936, h: 2 m [LSÓ 004]. Árið 1987 keypti Listasafn Íslands fyrsta eintakið sem steypt hefur verið í brons af þessu tímamótaverki.
- ▶ *Blómgun* 1978, h: 121 cm. Menntaskólinn við Sund eignaðist stækkaða bronsafsteypu af þessu verki (h. 240 cm) og var myndin afhjúpuð þann 4.11.1988. [LSÓ 1325]
- ▶ *Ég bið að heilsa*, 1976, h: 100 cm. Ein bronsafsteypa af þessu verki var keypt af Seðlabanka Íslands (1988) og aðra gáfu Íslenskir Aðalverktakar til uppsetningar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (1989) [LSÓ 073].
- ▶ *Gríma*, 1942, h: 42 cm. Árið 1988 keypti Reykjavíkurborg þetta verk stækkað í 260 cm. [LSÓ 1092]
- ▶ *Brenning*, 1970, h: 53 cm. Stækkað eintak af þessu verki (h: 318 cm) var keypt af Garðabæ 1989 og sett upp vorið 1990. [LSÓ 1260]

Vitað er að Sigurjón vann mörg verk sín með hugsanlega stækkun fyrir augum, þar sem þau nutu sín aðeins til fullnustu í stórum mælikvarða. Er myndirnar *Blómgun*,

Gríma og *Prenning* einmitt meðal þeirra. Það er fyrrum aðstoðarmaður Sigurjóns, Erlingur Jónsson myndhöggvari, sem hefur haft veg og vanda að allri forvinnu fyrir bronssteypuna en hann er flestum fróðari um vinnubrögð og verklag Sigurjóns. Bronssteypan var gerð hjá Kristiania Kunst & Metalstøberi A/S í Osló.

Höfundargreiðslur fyrir afsteypur af verkum Sigurjóns renna óskiptar til Sigurjónsafns, og hafa þær skipt sköpum við að fjármagna uppbyggingu safnsins. Ekki er síður mikilvægt að öndvegisverkin *Fótboltamaður* og *Ég bið að heilsa* eru nú komin í varanlegt efni – en áður voru þau aðeins til í gífsi og frauðplasti.

Útlán listaverka

- ▶ Sýning í Blindrabókasafni Íslands í tilefni 50 ára afmælis Blindrafélagsins 19/8 – 25/8 1989. Átta verk.
- ▶ Opinber íslensk sýning í Köln í V-Þýskalandi 4/5 – 20/5 1990. Eitt verk.
- ▶ Listahátíð í Reykjavík. *Íslensk höggmyndalist 1900 – 1950*. Kjarvalsstöðum 2/6 – 8/7 1990. Tvö verk.
- ▶ Listahátíð í Reykjavík. *Maður og haf*. Sjávarmyndasýning, Þjóðminjasafni Íslands 9/6 – 1/7 1990. Eitt verk.
- ▶ *SEPTEMBER/SEPTEMBER* Sýning á Kjarvalsstöðum 25/8 – 9/9. Fjórtán verk.
- ▶ Einnig eru varðveitt að staðaldri: Þrjú verk hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og eitt verk hjá Stefán Thorarensen hf.

Um fjárhag safnsins

Eigi verður lokið við þessa skýrslu án þess að fjallað sé örlítið um fjárhag safnsins. Eins og fram hefur komið á fyrri skýrslu var gert mikið átak á árunum 1985 – 88 til að bæta húsnæði safnsins og var byggingaframkvæmdum lokið haustið 1988. Þá lögðu margir hönd á plóginn og eftirtaldir aðilar styrktu safnið með fjárframlögum: Einstaklingar og fyrirtæki (gegnum Styrktarsjóð LSÓ), ríki og Reykjavíkurborg, frjáls framlög í formi sjálfböðavinnu og byggingarefnis og greiðslu vegna sölu á afsteypum. Verðmæti fasteigna safnsins nam um áramótin 1988 – 89 um 34 milljónum króna og þar við bættust um 6 milljónir fyrir innréttingar, húsgögn, nýjan Bösendorfer flygil, lampabúnað, stöpla undir listaverk og fleira. Verðgildi listaverkanna er að sjálfsögðu ekki talið með. Um áramótin 1988 – 89 námu skuldir safnsins 6 milljónum króna, en á árinu 1989 tókst að greiða niður skuldir safnsins um tvær milljónir króna. Það eru því miður ekki líkur á því að okkur takist að grynna jafnmikið á skuldunum árið 1990 og kemur margt til. Rekstrarkostnaður hefur hækkað, meðal annars vegna aukinnar starfsemi og lengri opnunartíma sem krefst fleira starfsfólks. Eins og fyrr er getið var ráðinn starfskraftur í hálf starf til að sinna skráningarvinnu og stöðugt fjölgar þeim viðfangsefnum sem æskilegt væri að safnið gæti sinnt. Því miður hafa framlög frá ríki og borg ekki aukist að sama skapi og skal hér nefna tölur til skýringar:

Ár	framlög frá ríkinu	framlög frá Reykjavík	framlög styrktarsjóðs LSÓ
1988	4.800.000	450.000	5.858.333
1989	4.000.000	500.000	1.508.218
1990	4.600.000	575.000	

Tekjuöflun á vegum styrktarsjóðs LSÓ hefur einnig verið minni en á byggingartímanum, og er skýringarinnar ef til vill að leita í þeirri staðreynd að auðveldara var að vekja áhuga styrktaraðila á stuðningi við safnið á meðan á byggingaframkvæmdum stóð, enda var um að ræða verkefni sem brýn þörf var á að ljúka sem fyrst. Í því sambandi má einnig benda á að mörg framlög í Styrktarsjóð LSÓ voru höfundargreiðslur fyrir afsteypur af stærri verkum og markaður fyrir slíkt er að sjálfsögðu fremur takmarkaður.

Það er því mjög aðkallandi að styrktarmannakerfi safnsins, sem hefur verið nokkuð óformlegur og breytilegur hópur manna, verði eft og reynt verður að hvetja sem flesta vini safnsins til að láta árlegt framlag af hendi rakna. Starfsemi safnsins hefur sýnt að þeir skipta hundruðum sem hafa yndi af því að koma í safnið við ýmis tækifæri og vonandi tekst okkur að ná áheyrn þeirra þegar við þurfum að leita frekari stuðnings.

Bókmenntadagskrár

1988

- 22/10 Ljóðalestur.
Susanne Jorn, Vilborg Dagbjartsdóttir, Einar Bragi og Ísak Harðarson.
- 9/12 Höfundar lásu úr nýjum bókum.
Sigurður Pálsson, Nína Björk Árnadóttir, Hannes Sigfússon, Björn Th. Björnsson, Guðmundur Andri Thorsson.
- 18/12 Höfundar og leikarar lásu úr nýjum bókum.
Einar Már Guðmundsson, Matthías Johannessen, Sigurður A. Magnússon, Rögnvaldur Finnbogason (lesari Erlingur Gíslason), Þórarinn Eldjárn (lesari Gísli Halldórsson).

1989

- 15/1 Lesið úr þýddum bókum.
P.D. James: *Saklaust blóð*. Lesari Álfheiður Kjartansdóttir, Iris Murdoch: *Nunnur og hermenn*. Lesari Sigurður G. Tómasson, Isabel Allende: *Ást og skuggar*. Lesari Berglind Gunnarsdóttir, Ian McEwan: *Steinsteypugarðurinn*. Lesari Einar Már Guðmundsson, Fjodor Dostojevskí: *Fávittinn*. Lesari Ingibjörg Haraldsdóttir.
- 26/2 Ljóðalestur.
Steinunn Sigurðardóttir las ljóð eftir Gyrði Elíasson og Kristján Karlsson. Þorsteinn frá Hamri og Kristín Ómarsdóttir lásu eigin ljóð.
- 12/3 Ljóðalestur.
Ljóðapýðingar eftir Sigfús Daðason, Hjört Pálsson og Helga Hálfðanarson.
- 16/6 Ljóðaklúbbur AB.
Matthías Johannessen flutti eigin ljóð. Pétur Jónasson lék á gítar.
- 5/11 Lesið úr nýjum bókum.
Pétur Gunnarsson og Thor Vilhjálmsson lásu úr eigin bókum. Guðrún Gísladóttir las úr nýrri bók Vigdísar Grímsdóttur.
- 3/12 Höfundar lásu úr nýjum bókum.
Einar Kárason, Ísak Harðarson, Svava Jakobsdóttir.

1990

- 7/1 Ljóðalestur.
Gyrðir Elíasson og Stefán Hörður Grímsson lásu úr nýjum bókum sínum og Geir Kristjánsson las úr ljóðapýðingum sínum úr rússnesku. Gísli Magnússon lék á píanó.
- 4/2 Dagskrá um skáldverk Guðbergs Bergssonar.
Umsjón: Þorvaldur Kristinsson.
- 4/3 Bókmenntir og sagnaritun.
Erindi Þórunnar Valdimarsdóttur.
- 1/4 Túlkanir fræðimanna á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar.
Umsjón: Guðmundur Andri Thorsson og Páll Valsson.
- 2/12 Einar Már Guðmundsson, Pétur Gunnarsson, Sigurður Pálsson og Steinunn Sigurðardóttir lásu úr eigin verkum og Hanna María Karlsdóttir las úr bók Friðu Á. Sigurðardóttur.

- 9/12 Linda Vilhjálmsdóttir og Rúnar Helgi Vignisson lásu úr eigin bókum og Arnar Jónsson las úr nýjum bókum eftir Garðar Sverrisson, Gyrði Elíasson og Kristján Karlsson.

Í undirbúnings- og dagskrárnefnd voru Gísli Sigurðsson, Páll Valsson, Steinunn Sigurðardóttir og Birgitta Spur.

Tónleikar

1988

- 23/10 David Tutt píanó, Freyr Sigurjónsson flauta, Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Margarita Reizabal píanó og Marjorie Melnick söngkona.
- 26/10 Píanótrío
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Christian Giger selló og David Tutt píanó.
- 28/10 Walter Prossnitz píanó.
- 11/12 Uwe Eschner gítar.

1989

- 17/1 Margrét Bóasdóttir sópran, Stephan Kaller píanó.
- 11/2 *Myrkir músíkdagar*
Signý Sæmundsdóttir sópran, Inga Rós Ingólfssdóttir selló, Kristinn Sigmundsson barítón og Guðríður S. Sigurðardóttir píanó.
- 12/2 *Myrkir músíkdagar.*
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og Örn Magnússon píanó.
- 12/2 Guðný Guðmundsdóttir fiðla og Gunnar Kvaran selló.
- 14/3 Nemendatónleikar Tónlistarskólans í Reykjavík.
- 8/4 *Tónleikar með verkum Hjálmars H. Ragnarssonar.*
Kjartan Óskarsson klarinett, Sigurður I. Snorrason klarinett, Óskar Ingólfsson klarinett, Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanó, Martial Nardeau flauta, Snorri Sigfús Birgisson píanó, Nora Kornblueh selló, Jóhanna V. Þórhallsdóttir söngur, Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Sean Bradley fiðla og Helga Þórarinsdóttir víóla.
- 21/5 *Tónleikar með verkum Jónasar Tómassonar*
Kjartan Óskarsson bassaklarinett, Hrefna Eggertsdóttir píanó, Þorkell Jólsson horn, John A. Speight söngur, Inga Rós Ingólfssdóttir selló, Jónas Tómasson altflauta og Kjartan Óskarsson bassaklarinett.

Sumartónleikar 1989

- 6/6 Gunnar Kvaran selló og Gísli Magnússon píanó.
- 13/6 Sigríður Gröndal sópran og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó.
- 20/6 Hlíf Sigurjónsdóttir einleikur á fiðlu.
- 27/6 *Jazztónleikar*
Maarten van der Valk, Friðrik Karlsson, Reynir Sigurðsson, og Richard Korn.
- 4/7 Martial Nardeau flauta, Guðrún S. Birgisdóttir flauta og Snorri Sigfús Birgisson píanó.
- 11/7 Einar Kr. Einarsson gítar og Robyn Koh harpsichord.
- 18/7 Jónas Ingimundarson píanó.

- 20/7 Jónas Ingimundarson píanó.
 25/7 Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og David Tutt píanó.

Sumartónleikum lýkur

- 1/8 *Hundadagar 1989*
 David Tutt píanó.
 4/8 *Hundadagar 1989*
 Jazztónleikar. Cab Kaye og félagar.
 5/9 Signý Sæmundsdóttir sópran og Þóra Fríða Sæmundsdóttir píanó.
 28/11 Kolbeinn Bjarnason flauta og Páll Eyjólfsson gítar.
 5/12 *Musica Nova*
 Robin Canter óbó og Robyn Koh píanó.

1990

- 4/1 Christian Giger selló og David Tutt píanó.
 6/1 *Píanótrío*. Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Christian Giger selló og David Tutt píanó.
 24/2 Örnólfur Kristjánsson selló og Nigel Lillecrap píanó.
 15/3 Listakvöld SALI, Samtaka nemenda listaskóla á Íslandi.
 3/4 *Musica Nova*
 Peter Verduyn Lunel flauta og Elísabet Waage harpa.
 8/4 Anna Ingvarsdóttir fiðla og Olle Sjöberg píanó.
 12/5 Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar. Burtfarartónleikar Halldóru Aradóttur píanó.

Sumartónleikar 1990

- 11/6 *Listahátíð í Reykjavík*. Svissneski kvintettinn I Salonisti. Tvennir tónleikar. Bein útsending í Ríkisútvarpinu frá öðrum þeirra.
 12/6 *Listahátíð í Reykjavík*
 Svissneski kvintettinn I Salonisti.
 19/6 John A. Speight söngur og Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir píanó.
 26/6 *Blásarakvintett Reykjavíkur*
 Bernhard Wilkinson flauta, Daði Kolbeinsson óbó, Einar Jóhannesson klarinett, Hafsteinn Guðmundsson fagott og Joseph Ognibene horn.
 3/7 Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og Gyða Þ. Halldórsdóttir píanó.
 10/7 Sólrún Bragadóttir sópran og Jónas Ingimundarson píanó.
 12/7 Sólrún Bragadóttir sópran og Jónas Ingimundarson píanó.
 17/7 Gunhild Imhof Hoelscher og Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikarar.
 24/7 Freyr Sigurjónsson flauta og Margarita Lorenzo de Reizabal píanó.
 31/7 Stephan Kaller píanó.
 7/8 Nína Margrét Grímsdóttir píanó.
 14/8 Signý Sæmundsdóttir sópran, Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Nora Kornblueh selló og Þóra Fríða Sæmundsdóttir píanó.
 21/8 Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Gísli Magnússon píanó.
 23/8 Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Gísli Magnússon píanó.

28/8 Jónas Ingimundarson píanó.

4/9 David Tutt píanó.

Sumartónleikum lýkur

11/8 Tónleikar á vegum indverska menningarmálaráðsins.
Lakshminarayana Subramaniam fiðla og Trichur R. Mohan trommur.

25/9 Musica Antiqua ásamt Mörtu G. Halldórsdóttur sópran.
Musica Antiqua skipa: Camilla Söderberg blokkflauta, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir viola da gamba og Snorri Örn Snorrason lúta.

26/9 *CAPUT*. Ung Nordisk Musik.
Kolbeinn Bjarnason flauta og Örn Magnússon píanó.

7/10 *CAPUT*. Goethe-Institut.
Matias de Oliveira Pinto selló, Guðni Franzson klarinett og Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanó.

28/10 Afmælis- og styrktartónleikar LSÓ.
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og David Tutt píanó.

30/10 Afmælis- og styrktartónleikar LSÓ.
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og David Tutt píanó.

4/11 Símon H. Ívarsson gítar og Orthulf Prunner klavikord.

12/11 Tónleikar til styrktar Listasjóði Tónlistarskólans í Reykjavík. Blásara-
kvintett Reykjavíkur og Jónas Ingimundarson píanó.

20/11 Hafsteinn Guðmundsson fagott, Vilberg Viggósson píanó og Rúnar
Vilbergsson fagott.

8/12 Hamrahlíðarkórinn. Tvennir tónleikar.

Kvöldstund með tónskáldi

Tónskáldakynningar í samvinnu við íslenska tónverkamiðstöð

1990

16/1 Þorkell Sigurbjörnsson kynnti eigin verk undir fyrirsögninni „Lagið
og frásögnin“. Hljóðfæraleikarar: Kolbeinn Bjarnason flauta, Íma Þöll
Jónsdóttir fiðla, Guðrún Árnadóttir fiðla, Móeiður A. Sigurðardóttir
lágfiðla og Þórhildur H. Jónsdóttir selló.

20/2 John A. Speight. „Aðeins nokkrar línur“. Hljóðfæraleikarar: Páll Eyj-
ólfsson gítar, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir píanó, Einar Jóhannesson
klarinettt og Hafsteinn Guðmundsson fagott.

20/3 Áskell Mátsson. „Á mörkum hins mögulega“. Hljóðfæraleikarar: Einar
Jóhannesson klarinettt, Áskell Mátsson darabouka, Daði Kolbeinsson
óbó og Hafsteinn Guðmundsson fagott.

24/4 Þorsteinn Hauksson fjallaði um eigin verk og lék tóndæmi af hljómböndum.

Styrktaraðilar auk Íslenskrar Tónverkamiðstöðvar og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar voru: Byggingarfélagið Ármannsfell hf., SPRON, Glitnir hf. og VÍS hf. JAPIS lánaði hljómflytningstæki sem notuð voru.